

Mál nr. 199/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.

Slys við fall inn í húsagarð þann 1.12.2004.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22.11.2005, ásamt fylgigögnum.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf Vátryggingafélagsins X., dags. 5.12.2005, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði lagt bifreið sinni við götubrún við húsið nr. 3 við götu eina í Reykjavík (hér eftir nefnt H). Þannig hagar til að þeim megin götunnar, þar sem M hafði lagt bifreiðinni er ekki gangstétt og nær malbikslag sjálfrar götunnar að lóðarmörkum og er bifreiðum lagt þar við götubrún. Við fyrrgreint hús er steypdur kantur og er nokkur hæðarmunur milli götunnar og lóðarinnar. Á móts við bílstjórastöð á bifreið M, sem snéri að lóðinni, mun hæðarmunurinn hafa verið um 77 cm lóðarmegin, en hæð steyptra kantsins götumegin er þar um 20-30 cm. Trébönd vantaði ofan á kantinn, þar sem bifreið M stóð. Steypdur kantur án trébanda er einnig á lóðarmörkum milli H og húss nr. 5, sem er lítið eitt hærri en við götuna.

Í umrætt sinn kvaðst M hafa verið á leið í bifreið sína og verið að leita að bíllyklum í veski sínu. Hafi hún þá fallið í garðinn. Við fallið brotnaði hún á vinstri fæti bæði við ökkla og hné. M hefur kafið eigendur húseignarinnar að H um bætur fyrir líkamstjón sitt. Kveður hún kantinn hafa verið of lágan og trébönd vantað ofan á hann. Hafi kanturinn ekki fullnægt ákvæðum 66. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 né heldur ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík frá 1945, sbr. m.a. 14. gr. og 2. mgr. 29. gr.

Álit.

Ekki liggur fyrir samkvæmt málgögnum hver voru nákvæm tildrög þess að M féll yfir kantsteininn og niður í garðinn að H. H mun hafa verið byggt á árinu 1956. Þótt kanturinn milli lóðar og götu hafi að öllum líkindum verið steypdur nokkru síðar er ekkert fram komið í málinu sem bendir til að bygging hans hafi brotið í bága við fyrirmæli byggingarlaga eða byggingarreglugerðar, er þá hafa verið í gildi. Á slyssstað blasti við hvernig kanturinn var og að tréborð voru ekki ofan á honum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið megi rekja til þess að umræddur kantur hafi verið vanbúinn þannig að virt verði eigendum húseignarinnar til sakar. Bótaábyrgð verður því ekki lögð á eigendurna vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

Líkamstjón M telst ekki vera bótaskyld.

Reykjavík, 20. desember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.